

# **KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK**

**Sjálfsmatsskýrsla  
fyrir skólaárið  
2005-2006**

## Efnisyfirlit:

Inngangur .....	3
Lýsing á starfsemi skólans.....	4
Hlutverk .....	4
Umfang .....	4
Nemendur.....	4
Starfsfólk.....	4
Húsnæði .....	4
Kennsla .....	5
Fjármál .....	6
Sérstaða Kvennaskólans .....	6
Sjálfsmat .....	8
Kannanir.....	8
Helstu niðurstöður úr viðhorfskönnun nemenda í 1. og 2. bekk vorið 2006 .....	8
Kennslukönnun í 3. og 4. bekk Kvennaskólans í Reykjavík vorið 2006.....	12
Könnun á símenntun kennara.....	13
Könnun nemenda í UPP 303 .....	15
Starfsmannaviðtöl.....	15
Greining tölulegra gagna .....	16
Innritun nýnema .....	16
Námsframvinda – brottfall .....	17
Skólasókn nemenda .....	17
Framtíðarsýn .....	19
Endurskoðun málabrautar .....	19
Forvarnir .....	19
Erlent samstarf.....	19
Aðstoð við nýbúa.....	20
Endurskoðun á matsaðferðum.....	20
Umbótaáætlun .....	20
Lokaorð.....	21

## Inngangur

Sjálfsmati í Kvennaskólanum er ætlað að leiða í ljós styrkleika og veikleika skólastarfsins og vera grundvöllur umbótastarfs. Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans.

Sjálfsmat skólaársins 2005-2006 er byggt á:

1. viðhorfskönnun meðal nemenda
2. könnun, meðal nemenda, á gæðum kennslu í einstökum áföngum
3. könnun á símenntun kennara
4. könnunum sem nemendur í áfanganum uppeldisfræði 303 sömdu og lögðu fyrir nemendur skólans á vorönn 2006, en þær vörðuðu m.a. viðhorf nemenda til þeirra sem eru af erlendu bergi brotnir, áhrif svefnvenja og streitu á námsgetu og tengsl lífstíls og trúarlegrar iðkunar
5. greiningu á ýmsum gögnum úr upplýsingakerfi skólans (Innu), úr umsóknum um skólann og frá Námsmatsstofnun.

Könnun á viðhorfum (1) var lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk í apríl 2006 og könnun á gæðum kennslunnar (2) fyrir nemendur í 3. og 4. bekk á sama tíma. Báðar þessar kannanir byggja á sjálfsmatslíkaninu Framhaldsskólarýni. Könnun á símenntun kennara var gerð af Hildigunni Gunnarsdóttur, kennara við skólann og lögð fyrir kennara skólans í september 2005.

SVÓT greining var ekki framkvæmd síðastliðið vor en verður gerð út frá þeim gögnum sem aflað verður á vorönn 2007.

## Lýsing á starfsemi skólans

### Hlutverk

Kvennaskólinn í Reykjavík er menntaskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 80 frá 1996. Samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti er hlutverk Kvennaskólans kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum bekkjakerfis.

### Umfang

#### Nemendur

Haustið 2005 hófu 558 nemendur nám við skólann, þar af 132 nýnemar í 1. bekk. Vorið 2006 fóru 539 nemendur í vorpróf og 107 stúdentar voru útskrifaðir. Skipting nemenda á brautir er þannig, að 31% nemenda eru á félagsfræðabraut, 13% á málabraut og 56% á náttúrufræðibraut. Tæp 30% nemenda eru piltar, ríflega 70% stúlkur. 76% nemenda eiga lögheimili í Reykjavík eða á Seltjarnarnesi og 94% á stór-Reykjavíkursvæðinu.

#### Starfsfólk

Við skólann starfa um 50 kennarar, skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármálastjóri, faktor (sem er umsjónarmaður kennslu í Uppsölum), skrifstofustjóri, 2 fulltrúar á skrifstofu, 2 bókasafnsfræðingar, húsvörður, ræstingarstjóri, matráður og aðstoðarmaður í mötuneyti. Úr hópi kennara eru 3 brautarstjórar, 13 fagstjórar og nokkrir verkefnisstjórar. Tveir námsráðgjafar starfa við skólann og sinna þeir einnig kennslu. Um 30% kennara eru karlar en 70% konur. Allir kennarar skólans hafa kennsluréttindi og tæpur helmingur þeirra er með aðra eða þriðju háskólagráðu (MA/MS eða Dr).

#### Húsnæði

Skólahúsnæði Kvennaskólans er tvískipt og er annars vegar við Fríkirkjuveg 9 og hins vegar við Þingholtsstræti 37. Nokkur vegalengd er milli húsanna. Heildarstærð húsnæðisins er 2.580 m<sup>2</sup>. Í skólanum eru 20 kennslustofur, bókasafn, skrifstofur og

matsalur nemenda. Ein af kennslustofunum er tölvustofa en þrjár stofur eru það litlar að þær rúma ekki bekk af venjulegri stærð (25 nem.). Skólinn er afar þétt setinn og aðeins eru um 4,7 m<sup>2</sup> á hvern nemanda. Í skólanum er þráðlaust tölvunet og auk tölvustofunnar sem áður er getið eru til ráðstöfunar í kennslu um 25 fartölvur. Einnig er borðtölva til afnota fyrir kennara í hverri kennslustofu auk skjávarpa. Á bókasafni skólans eru vinnuborð og lesstofa fyrir nemendur. Í matsal geta um 130 nemendur setið til borðs.

## Kennsla

Kvennaskólinn starfar samkvæmt bekkjakerfi og skólaárið 2005-2006 skiptust nemendur skólans í 24 bekki eins og taflan hér að neðan sýnir:

Ár	Félagsfræðabraut fjöldi bekkja	Málabraut fjöldi bekkja	Náttúrufræðibraut fjöldi bekkja
1	1	1	3
2	2	1	3
3	2	1	4
4	2	1	3

Á fyrstu þremur námsárunum fer kennsla nemendanna einkum fram sem bekkjakennsla, þ.e. bekkurinn er allur með sömu stundatöflu, nema í valgreinum. Á fjórða námsárinu brotnar þetta upp, þannig að um það bil helmingur kennslustunda bekkjarins er sameiginlegur en helmingur háður kjörsviðsvali og frjálsum vali hvers nemanda.

Á félagsfræðabraut og náttúrufræðibraut hafa nemendur val milli tveggja lína. Á félagsfræðabraut annars vegar línu sem leggur áherslu á sögu og félagsfræði og hins vegar línu sem leggur áherslu á sálar- og uppeldisfræði. Á náttúrufræðibraut velja nemendur milli línu sem leggur áherslu á stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði annars vegar og hins vegar línu sem leggur áherslu á líffræði, jarðfræði og efnafræði. Val nemenda á línu innan brautar ræðst af því hvaða áherslur þeir vilja leggja í kjörsviðsvali sínu og um leið og nemandi velur línu, þá bindur hann 18 einingar af

kjörsviðsvali sínu. Þeim 12 einingum sem þá er óráðstafað af kjörsviðsvalinu getur nemandi ráðstafað að eigin vild, óháð braut og vali bekkjarfélaganna.

## Fjármál

Fjárlög fyrir árið 2005 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og árið á undan. Framlög á fjárlögum til skólans námu samtals 244,8 m. kr. að frádregnum áætluðum ríkistekjum. Launabætur námu 10,7 m. kr. á árinu. Skólinn fékk viðbótarfjárveitingar að fjárhæð 13,5 m. kr. vegna nemendauppgjörs, námsleyfa, forfalla og sérkennslu. Í heild urðu fjárheimildir ársins því 269 m. kr. Rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, námu samtals 251 m. kr. og urðu því 18 m. kr. innan fjárheimilda ársins.

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 6,2 % en eignakaup voru nær því eins að krónutölu milli ára. Önnur rekstargjöld hækkuðu um tæp 12 % sem var vegna þess að mótuneytið var tekið inn í heildarrekstur skólans en hafði áður verið rekið á ábyrgð matráðs.

Með aðhaldi hefur tekist að bæta rekstrarafkomu skólans undanfarin 2 ár og var greiðslustaða gagnvart ríkissjóði jákvæð um rúmar 11 m. kr í lok ársins 2005.

## Sérstaða Kvennaskólans

Kvennaskólinn er menntaskóli sem býður upp á hefðbundið fjögurra ára bóknám til stúdentsprófs. Brautirnar eru þrjár, félagsfræðabraut, málabraut og náttúrufræðibraut. Skólinn byggir á bekkjarkerfi en við aukið val nemenda með tilkomu nýrrar aðalnámskrár frá 1999 blandast bekkir meira en áður var tvö síðustu árin. Því má segja að skólinn leitist við að sameina kosti bekkjar- og áfangakerfis Áhersla er lögð á að námið sé samfellt, markvisst og hæfilega sérhæft.

Hlutverk framhaldsskóla landsins er margþætt. Þeir skulu m.a. stuðla að alhliða þroska allra nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám, efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar (sbr. lög nr. 80/1996). Þessi lagaákvæði sem og slagorð skólans, **menntun – þekking – þroski**, hafa starfsmenn Kvennaskólans í Reykjavík að leiðarljósi í öllu starfi sínu,

jafnt í kennslustundum sem í öðrum þáttum starfseminnar. Þannig er stuðlað að því að skila nemendum vel undirbúnum út í lífið.

Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og undirbúa þá sem best undir frekara nám. Í því augnamiði leggur Kvennaskólinn í Reykjavík sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti:

- Að allir nemendur verði handgengnir tölvunotkun við nám sitt og nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatæknin veitir.
- Að nemendur og kennarar noti Laupinn, innra net skólans, til samskipta utan hefðbundins skólatíma. Þar er hægt að nálgast verkefni námsáætlanir, gagnvirk próf o.m.fl.
- Að þjálfa nemendur í fræðilegum vinnubrögðum m.a. með því að bjóða alltaf upp á valáfanga í stúdentsprófsritgerð þar sem gerðar eru kröfur um verkefnavinnu á háskólastigi.
- Að veita nemendum innsýn í menningarleg verðmæti m.a. með árlegri leikhúsferð allra nemenda skólans, ferðum á Njálu- og Egluslóðir, heimsóknum í Þjóðmenningarhús, ýmsar aðrar safnaheimsóknir og þátttöku í söngsal svo fátt eitt sé nefnt. Einnig leggja margir nemendur sitt af mörkum með þátttöku í kór skólans, leikfélaginu Fúríu, listafélagi skólans, söngkeppni og fleiru slíku.
- Mörgum nemendum stendur til boða að taka þátt í erlendu samstarfi sem felst í ferðum til annarra landa, að taka á móti erlendum nemendum og vinna að sameiginlegum verkefnum.
- Til þess að kennarar séu sem best búnir undir kennsluna eru þeir hvattir til endur- og símenntunar og hefur það m.a. skilað sér í því að margir kennarar skólans hafa verið virkir í námsefnisgerð undanfarin ár.
- Síðast en ekki síst leggur skólinn áherslu á góð samskipti milli nemenda og starfsfólks og má segja að gott andrúmsloft sé eitt helsta einkenni skólans. Það er mikils virði að skila frá sér nemendum sem eru hæfir í mannlegum samskiptum.

## Sjálfsmat

Sjálfsmat skólaársins 2005-2006 er byggt á ýmsum gögnum sem skólinn hefur aðgang að eða hefur aflað sér sjálfur t.d. í ýmsum könnunum. Helstu heimildir og gögn sem notuð eru í skýrslunni eru:

- Viðhorfskönnun nemenda í 1. og 2. bekk, apríl 2006.
- Kennslukönnun nemenda í 3. og 4. bekk, apríl 2006.
- Könnun á símenntun kennara skólans sem unnin var í september 2005 af Hildigunni Gunnarsdóttur verkefnisstjóra sjálfsmats.
- Ýmsar kannanir sem nemendur í uppeldisfræði 303 unnu í skólanum á vorönn 2006. Umsjónarmaður var Hildigunnur Gunnarsdóttir. Þessar kannanir voru m.a. um viðhorf nemenda skólans til þeirra sem eru af erlendu bergi brotnir, áhrif svefnvenja og streitu á námsárangur og tengsl lífsstíls og trúariðkunar svo eitthvað sé nefnt.
- Ýmis gögn sem unnin eru úr Innu, umsóknum um skólann og gögn frá Námsmatsstofnun.

## Kannanir

### Helstu niðurstöður úr viðhorfskönnun nemenda í 1. og 2. bekk vorið 2006

Að mörgu leyti er viðhorf nemendanna til skólans mjög jákvætt þótt þeir bendi einnig á ýmislegt sem betur má fara. Starfsfólk og stjórnendur skólans þurfa að viðhalda því sem vel er gert en einbeita sér að því að bæta það sem nemendum finnst miður fara. Markverðustu niðurstöður könnunarinnar verða reifaðar hér á eftir.

Um það bil 90% nemenda líður vel í skólanum og hafa jákvætt viðhorf til hans. Sami fjöldi segist vera stoltur af skólanum sínum. Þrátt fyrir þetta jákvæða viðhorf hafa 30% nemenda í 1. og 2. bekk einhvern tímann velt því fyrir sér að hætta í skólanum án þess að geta um ástæður þessara hugleiðinga. Mun færri, eða 7% segjast hafa hugleitt þetta af einhverri alvöru.

Þegar spurt er um viðhorf til kennara og um samskipti nemenda og kennara eru niðurstöður almennt góðar líka. Um tveir þriðju nemenda telja kennara skólans almennt jákvæða og sanngjarna en um fimmtungur merkir við möguleikann bæði og. 14% segja það einungis eiga við suma kennara skólans. Langflestir eða 89% segja



starfsmenn skólans leggja áherslu á góðan árangur og 75% nemenda segja samskipti nemenda og kennara vera án undantekninga góð. Rúmlega 76% nemenda telur sig geta fengið leiðsögn í náminu ef þeir leita eftir því, um 60% segjast næstum alltaf geta rætt við ráðgjafa, kennara eða stjórnanda ef eitthvað er að en 34% segjast ekki vita það sem bendir til þess að ekki hafi reynt á það hjá þessum hópi nemenda. Niðurstaða könnunarinnar bendir einnig til þess að skólameistarinn þurfi að vera sýnilegri í skólastarfinu því að 41% nemenda segjast hitta skólameistara óreglulega og um 42% segjast hitta hann óreglulega eða næstum aldrei.

Viðhorf til annars starfsfólks og ýmissar þjónustu skólans er að mörgu leyti gott. Tæplega 84% nemenda telja samskipti almennt við starfsfólk í þjónustu annarri en kennslu vera ágæt eða mjög góð og enginn nemandi merkir við möguleikann slæm. Starfsfólk skrifstofu skólans fær bestu útkomu úr könnuninni þar sem 96% nemenda skólans eru mjög eða frekar ánægðir með þjónustu þeirra sem þar starfa. Tveir þriðju hlutar nemenda eru mjög eða frekar ánægðir með þjónustu bókasafnsins en fjórðungur nemenda er frekar eða mjög óánægður. Fengur væri að því að fá nánari vitneskju um að hverju óánægjan beinist svo hægt sé að bæta úr því. Skiptar skoðanir eru einnig á tölvumálum skólans þar sem 57% nemenda eru frekar eða mjög ánægðir með fyrirkomulag tölvumála skólans. Tæplega 38% eru frekar eða mjög óánægð. Mest er óánægja nemenda með mötuneytisaðstöðuna þar sem tæp 64% nemenda merkja við svarmöguleikana frekar eða mjög ósáttur. Spurningin er mjög opin þar sem spurt er um mötuneytisaðstöðuna en óvíst hvaða merkingu svarendur leggja í spurninguna. Ekki er ljóst hvort óánægjan beinist að því að einungis voru stólar og borðpláss fyrir um 120 nemendur þegar könnunin var framkvæmd en nemendur skólans hins vegar um 550 eða hvort þeir eru að gefa vöruúrvalinu eða þjónustu starfsfólksins bága einkunn. Þetta þyrfti að athuga nánar til þess að úrbætur geti orðið markvissar.

Nemendur eru ekki einungis látnir meta starfsfólk skólans og þjónustu þess heldur beinast spurningar í viðhorfskönnuninni einnig að þeim sjálfum og frammistöðu þeirra í náminu. Tveimur þriðju hlutum nemenda finnst námsskipulag skólans frábært eða ágætt, 28% eru á báðum áttum en einungis 6% nemenda finnst það slakt og engum lélegt. Hér ber þess að geta að það voru nemendur úr 1. og 2. bekk sem svöruðu þessari spurningu og eflaust fengjust niðurstöður sem meira mark væri takandi á ef nemendur úr 3. og 4. bekk svöruðu spurningunni þar sem þeir hafa óneitanlega meiri reynslu af námsskipulaginu sjálfir. Tæp 90% nemenda segja að það skipti þá næstum alltaf máli að standa sig vel og almennt hafa svarendur í könnuninni

einnig mikla trú á metnaði annarra nemenda skólans. Rúmlega 87% telja næstum alla nemendur skólans hafa vilja til að standa sig vel og innan við 1% telur að það eigi einungis við um suma eða fáa. Að sögn nemenda eru flestir foreldrar ánægðir með frammistöðu barna sinna í skólanum eða 75% en rúmlega 19% svara bæði og. Þau svör sem hér hafa verið reifuð endurspeglast einnig í því að tæplega 91% nemenda stefnir á frekara nám eftir veru sína hér, 8% eru óviss en einungis 1% telur ólíklegt að af frekara námi verði.

Nokkrar spurningar beinast að því að kanna aðstöðu til náms, vinnufrið í kennslutímum og viðhorf til mætingarmála. Afstaða nemenda til námsaðstöðu í skólanum er blandin. 8% nemenda finnst hún frábær, um 56% finnst hún ágæt, fimmti hver nemandi svarar bæði og en tæplega 16% finnst hún slök eða langt undir væntingum. Einungis helmingur nemenda er sammála því að vinnufriður og vinnuandi sé góður í skólanum, um 27% svara bæði og en tæplega 23% eru þeirrar skoðunar að góður vinnufriður sé einungis stundum eða mjög sjaldan. Á þessu þarf að taka en þess ber að geta að agavandamál eru fremur í yngri bekkjunum en þeim eldri. Langflestir nemendur eða 81% segjast yfirleitt fara eftir reglum skólans um mætingar og einungis 5% merkja við svarmöguleikana frekar sjaldan eða næstum aldrei. Ljóst er að ekki ríkir almenn sátt um það hvernig skólinn umbunar og refsar fyrir mætingu. Þó eru nemendur sáttari við hvernig skólinn verðlaunar þá nemendur sem mæta vel en 58% segjast vera mjög eða fremur sáttir við þær reglur en einungis 35% nemenda eru sáttir við hvernig tekið er á málum þeirra nemenda sem mæta illa. Ekki kemur þó fram hvort refsingarnar eru of vægar eða of harðar að dómi nemenda og ekki víst að allir séu einu sinni sammála um það.

Í viðhorfskönnuninni er einnig athugað viðhorf nemenda til félagslífs í skólanum og hvernig staðið er að forvörnum. Helstu niðurstöður þar eru þær að 79% nemenda telur að félagslífið í skólanum sé frábært eða ágætt en um 13% merkja við möguleikann bæði og en 8% finnst það frekar lélegt. Félagslíf nemenda virðist því standa með miklum blóma. Svör nemenda við spurningum sem tengjast forvörnum og starfi forvarnarfulltrúa sýna að þar þarf skólinn að taka mun fastar á málunum. Undanfarin ár hefur ekki verið starfandi forvarnarfulltrúi við skólann og sú litla fræðsla sem farið hefur fram er eingöngu í lífsleikniáfanga. Skipta má svörum nemenda í þrjá flokka. Spurt er hvort nemendur hafi prófað tóbak, vín eða ólögleg vímuefni sjálfir, hvort þeir sem það geri hafi áhuga á að breyta neyslunni og að lokum hvort skólinn geri nóg að koma í veg fyrir slíka neyslu. Rúmur fjórðungur nemenda í

1. og 2. bekk hefur aldrei drukkið áfengi, 14% hafa sjaldan prófað en 37% segjast neyta áfengis öðru hverju. Tæpur fjórðungur nemenda merkir við svarmöguleikana frekar oft eða flestar helgar og hafa verður í huga að hér er um að ræða nemendur sem flestir eru á aldursbilinu 16 til 18 ára. Reykingar eru ekki eins útbreiddar í þessum hópi og áfengisneyslan þar sem um 58% nemenda hafa aldrei prófað að reykja og rúmlega 22% hafa aðeins prófað. Rúm 13% í viðbót telja sig reykja lítið en 5% daglega. Hvað ólögleg fíkniefni varðar segja um 85% nemenda annaðhvort að þeir hafi aldrei kynnst slíkum efnum eða ekki prófað þau. Rúm 12% þessa hóps hafa aðeins prófað þessi efni og 1% segjast margsinnis hafa notað þau. 1% vill ekki svara spurningunni.

Þegar spurningar beinast að því hvort nemendur hafi áhuga á að breyta drykkju- eða tóbaksneyslu sinni kemur í ljós að einungis 5% nemenda telja sig þurfa að breyta drykkjuvenjum sínum sem er eftirtektarvert þegar haft er í huga að tæpur fjórðungur nemenda segist drekka frekar oft eða um flestar helgar. Það sýnir að flestir þeirra sem drekka þannig sjá ekkert athugavert við það. Langflestir eða 85% hafa ekki áhuga á að breyta drykkjuvenjum sínum eða telja að spurningin eigi ekki við sig. Um 8% nemenda vilja annaðhvort hætta reykingum eða minnka þær en ekki er vitað hvort það eru þeir sem reykja daglega eða eru að fíkta öðru hverju. Um 16% vilja ekki breyta reykingavenjum sínum og tæp 70% telja spurninguna ekki eiga við sig. Mikill meirihluti nemenda í 1. og 2. bekk telur að skólinn geri lítið sem ekkert til að koma í veg fyrir drykkju og tóbaksnotkun. Um 72% nemenda telur lítið gert til að koma í veg fyrir drykkju en heldur fleiri eða 75% telur það sama eiga við um tóbaksnotkun. Þetta teljum við vera skýr skilaboð um það að taka þurfi á þessum málum og er umræða um þau mál þegar hafin og ráðning forvarnarfulltrúa fyrirhuguð.

Þegar lítið er yfir heildarsviðið eru niðurstöður úr viðhorfskönnun að flestu leyti góðar eða nokkuð góðar þótt vissulega séu þættir sem þarf að huga betur að og verður nánar greint frá því í umbótaáætluninni. Langflestir nemendur Kvennaskólans eru þó í heildina sáttir við skólann sinn þar sem yfirgnæfandi meirihluti nemenda í 1. og 2. bekk, eða 92% aðspurðra, telja skólann verða mjög góðan eða frekar góðan vinnustað.

**Kennslukönnun í 3. og 4. bekk Kvennaskólans í Reykjavík vorið 2006**

Nemendur í 3. og 4. bekk svöruðu könnuninni rafrænt í kennslustundum á skólatíma. Nemendur tóku afstöðu til tiltekinna fullyrðinga um kennsluhætti kennara í einstökum greinum. Svarmöguleikarnir voru á fimmkvarða skala (mjög sammála, sammála, frekar sammála, ósammála og veit ekki). Nemendur gáfu einnig sjálfum sér og kennurum einkunn á skalanum 1-10. Brottfallið var einungis þeir sem ekki voru viðstaddir þegar könnunin var lögð fyrir.

**Niðurstöður:**

1. Nemendur í 3. og 4. bekk eru almennt mjög ánægðir eða frekar ánægðir með námsbækurnar sem lagðar eru til grundvallar. Meðaltalið var þó lægra hjá 3. bekk.
2. Nemendur eru sammála eða frekar sammála því að vera ánægðir með námsgögn kennara (glærur, dreifirit og myndbönd).
3. Þeir telja langflestir að kennarar komi vel undirbúnir í tíma.
4. Einnig telja langflestir nemendur að kennarar séu áhugasamir um kennsluna.
5. Nemendur í 3. og 4. bekk segja kennara almennt bregðast vel við spurningum.
6. Flestir kennarar nýta kennslustundir vel til kennslu að mati nemenda.
7. Nemendur töldu almennt að kennslustundir nýttust þeim frekar vel til náms. Þó var meðaltalið lægra hjá 3. bekk.
8. Nemendur telja kennara almennt hvetja til sjálfstæðra vinnubragða. Einn 3. bekkur sker sig aðeins úr hvað varðar hvatningu kennara til sjálfstæðra vinnubragða. Hann er eini bekkurinn undir þremur stigum.

9. Flestir nemendur eru ósammála því að bekkurinn eða hluti hans trufla kennslu. Fjórði bekkur er aðeins jákvæðari.
10. Af sjö 3. bekkjum voru tveir sem gáfu kennurum einkunnina 8 eða meira. Einn 3. bekkur gefur kennurum áberandi lægstu einkunn 7.13. Aðeins einn 4. bekkur gefur kennurum undir 8 í einkunn.
11. Meðaltalið er aðeins lægra í þriðja bekk en fjórða hvað varðar einkunnagjöf fyrir ástundun í faginu. Einn 4. bekkur gefur sér hærri einkunn en 8 fyrir ástundun í faginu. Einn 3. bekkur gefur sér undir 7 í einkunn og er það sami bekkur og um getur í spurningum 8 og 10.

## **Samantekt**

Yfir heildina er matið frekar jákvætt í 3. og 4. bekk, þótt fjórði bekkur sé örlítið jákvæðari. Einn þriðji bekkur sker sig úr varðandi lágt mat og er verðugt að skoða þar betur undirliggjandi þætti er hafa áhrif á góðan bekkjaranda.

## **Könnun á símenntun kennara**

Stutt könnun var lögð fyrir alla kennara skólans, fyrri hluta ágústmánaðar 2005, til að kanna umfang símenntunar kennara utan skólans. Spurningalistinn með opnum og lokuðum spurningum var sendur rafrænt til allra kennara skólans (um 47 kennarar) og þeir vinsamlegast beðnir um að svara sem höfðu lagt stund á einhvers konar símenntun utan skólans frá haustinu 2003. Alls svöruðu níu kennarar. Stuðst var við hugmyndir Paul V. Bredeson um hvernig skipta má starfsþróun eða símenntun (Professional Development) í fimm flokka:

- a) Símenntun sem vinna (Professional Development “As” Work) gerir ráð fyrir að starfsþróun sé hluti af daglegu starfi sem kennari er sífellt að vinna að og á að koma til móts við raunverulegar þarfir og langanir starfsfólks. Starfsþróunin á ekki að fara fram á einstökum námskeiðum eða utan vinnutíma.

- b) Símenntun við vinnuna (Professional Development “In” Work) felur í sér fjölbreytt námstækifæri sem falla inn í daglega vinnu; tækifærin til símenntunar eru innan skólans, námið er felld inn í vinnuna sjálfa.
- c) Símenntun í vinnunni (Professional Development “At” Work) á sér stað á vinnutíma kennara, þegar hann er ekki að vinna með nemendum eða að undirbúa kennslu.
- d) Símenntun utan vinnutíma (Professional Development “Outside” of Work) vísar til náms sem fer fram utan skólans og er ekki hluti af daglegri vinnu kennara.
- e) Símenntun handan vinnunnar (óháð starfsvettvangi) (Professional Development “Beyond” Work) felur í sér margbreytilega reynslu og námstækifæri sem tengjast ekki starfinu en eru þroskandi og næra hjartað, hugann og sálina.

Í könnuninni var sérstaklega unnið með þann flokk sem snýr að símenntun/ starfsþróun utan vinnutíma (liður d). Þó var spurt um aðra flokka símenntunar þar sem kennarar forgangsroðu eftir því tímamagni sem fór í tiltekna tegund símenntunar. Helstu niðurstöður voru að sjö kennarar, merktu einhvern tímann við: Sjálfsnám; lestur bóka, tímarita, efnis á netinu og notkun annarra miðla. Fimm merktu einhvern tímann við: Almennar ráðstefnur, fundir, smiðjur og fimm sinnum var merkt við: Fagráðstefnur, fagfundir, fagsýningar. Fjórum sinnum var merkt við: Viðbótarnám eða nám til hærri gráðu í háskóla (staðbundið). Einnig merktu fjórir kennarar við: Námsferðir, helgarferðir. Við önnur atriði var merkt sjaldnar.

Vert er að gefa símenntun kennara skólans utan vinnutíma meiri gaum og hve náíð hún tengist einkennum hins fullorðna námsmanns. Kennarar Kvennaskólans telja margir að námsefnisgerð sé hluti ágóðans af símenntun þeirra. Það hefur löngum fylgt framhaldsskólanum að námsefni er af skornum skammti og vantar hreinlega í tiltekna áfanga. Kennarar í framhaldsskólum hafa því þurft að sinna námsefnisgerð í nokkrum mæli. Símenntun utan vinnutíma virðist því styrkja kennarana í að ráðast í námsefnisgerð.

## Könnun nemenda í UPP 303

Nemendur í áfanganum UPP 303 vinna tveir til þrír saman að könnunarverkefnum er tengjast uppeldis- og skólastarfi. Á vorönn 2006 völdu nokkrir nemendur að kanna ýmis atriði er vörðuðu Kvennaskólann. Ein könnunin tengdist viðhorfum nemenda í 1. og 4. bekk skólans til þeirra sem eru af erlendu bergi brotnir. Niðurstöðurnar gefa til kynna að þótt nemendur telji sig ekki vera fordómafulla má ýmislegt betur fara í þekkingu þeirra á fjölmenningu.

Könnun á áhrifum svefnvenja og streitu á námsgetu nemenda í Kvennaskólanum leiddi í ljós að um 58% nemenda í 1. og 4. bekk fara að sofa eftir miðnætti á virkum dögum. Tæp 47% nemenda í 1. og 4. bekk telja að svefnvenjur þeirra hafi áhrif á námsgetu, rúm 27% telja svo ekki vera og tæp 26% eru ekki vissir hvort svefnvenjur hafi áhrif á námsgetu. Tæp 49% þessara nemenda telja sig búa við mjög litla streitu, tæp 13% við enga streitu, tæp 19% telja sig búa við mikla eða mjög mikla streitu og um 19% telja sig búa við eðlileg streitumörk.

Könnun á tengslum lífsstíls ungs fólks á fyrsta ári í Kvennaskólanum og trúarlegri iðkun leiddi í ljós að trúariðkun er almennt ekki stunduð af nemendum í þeim aldursflokki.

## Starfsmannaviðtöl

Æskilegt hefur verið talið að skólameistari kalli alla starfsmenn skólans í starfsmannaviðtal einu sinni á ári. Þar sem viðtölin hafa yfirleitt verið í kjölfar kennslukannana og eftir að kennarar hafa fengið niðurstöður þeirra í hendur, hefur tímaramminn verið of knappur. Síðast var talað við alla starfsmenn vorið 2005.

Stefnt er að því að dreifa starfsmannaviðtölum yfir lengri tíma á vorönn 2007 og jafnvel að skólameistari og aðstoðarskólameistari skipti þeim með sér. Einnig mætti hugsa sér að ræða við fastráðna kennara/starfsmenn á tveggja til þriggja ára fresti en ræða við alla nýja starfsmenn árlega fyrstu árin þeirra í starfi. Æskilegt væri að ræða árlega við þá kennara sem vinna að umbóta- eða þróunarverkefnum hverju sinni til þess að stjórnendur geti fylgst með stöðu mála.

Mikilvægt er að starfsmenn fái umræðupunkta í hendur fyrir viðtalið svo báðir aðilar geti undirbúið sig þannig að sem mest gagn verði af viðtalinu og einnig þyrfti

að vera til leið til þess að hjálpa þeim starfsmönnum sem þurfa að bæta ákveðna þætti í starfi sínu til þess.

## Greining tölulegra gagna

Skoðuð voru ýmis töluleg gögn, svo sem tölur varðandi aðsókn nýnema, skólasókn allra nemenda og árangur þeirra á prófum.

### Innritun nýnema

Aðsókn að skólanum var mikil og vorið 2005 var einungis hægt að veita um helmingi umsækjenda skólavist. Teknir voru inn 136 nemendur. Líkt og undanfarin ár áttu umsækjendur það sameiginlegt að hafa staðið sig vel á grunnskólaprófi og í töflunni hér á eftir má sjá meðaleinkunnir nýnema á samræmdum grunnskólaprófum í stærðfræði, íslensku og ensku.

	<b>Nýnemar vor 05</b>	<b>Landsmeðaltal vor 05</b>	<b>Nýnemar vor 04</b>	<b>Landsmeðaltal vor 04</b>
Stærðfræði	8,0	6,1	7,5	5,8
Íslenska	8,0	6,6	7,7	6,8
Enska	8,3	7,2	8,2	7,0

Eins og sjá má á þessum tölum eru einkunnir nýnema vorið 2005 nokkuð hærri en þær voru 2004. Orsakir þessa geta verið ýmsar. T.d. er landsmeðaltal einkunna á samræmdum prófum í stærðfræði og ensku hærra vorið 2005 en það var vorið 2004 og eins skiptir máli, að vorið 2005 voru aðeins teknir inn 5 bekkir á 1. ár vegna plássleysis en vorið 2004 voru teknir inn 6 bekkir. Síðast en ekki síst er þetta merki um það að nemendur sem hafa áhuga og getu til bóknáms líta á Kvennaskólann sem eftirsóknarverðan kost í námi.



## Námsframvinda – brottfall


Af þeim 558 nemendum sem hófu nám við skólann haustið 2005 hurfu 19 frá námi einhvern tíma vetrarins. Þar af fóru 3 sem skiptinemar um áramót og 1 tók hlé á námi vegna veikinda. 15 nemendur hættu í skólanum og má flokka þá sem brottfall. Þar af voru 4 nýnemar. Þetta svarar til 2,7% brottfalls í heild en 0,7% meðal nýnema.

Við skoðun á brottfallstölum síðustu fjögurra ára kemur í ljós að fleiri nemendur hætta á málabraut en öðrum brautum. Haustið 2003 hófu 23 nemendur nám í 1. bekk málabrautar, 1T. Af þeim hafa 6 hætt í skólanum og einn hefur skipt um braut. Þetta svarar til 30% brottfalls af brautinni á fjórum árum sem er 7,5% á ári. Veturinn 2004-2005 hófu 28 nemendur nám á málabraut, af þeim hafa 10 hætt í skólanum eða 36% en það svarar til 9% brottfalls á ári. Þetta eru mun hærri tölur en meðalbrottfallstölur skólans í heild.

Þar sem námið í Kvennaskólanum er skipulagt eftir bekkjakerfi taka flestir nemendur u.þ.b. 35 námseiningar á ári. Eitthvað er um að nemendur velji fleiri valgreinar en nauðsynlegt er á hverju námsári og séu þannig með fleiri einingar undir. Í lok námsins, þ.e. á 4. námsári, eru sumir nemendur komnir það vel áleiðis í náminu að þeir eiga ólokið til stúdentsprófs færri einingum en bekkjarfélagarnir. Þetta getur verið vegna þess að þeir hafi valið umfram skyldu á fyrri námsárum, að þeir hafi komið með mat inn í skólann eða verið í námi sem metið er meðfram skólanum, svo sem í tónlistarnámi. Sumir þessara nemenda geta því lokið námi sínu á 3 ½ námsári. Þarna er ekki um marga að ræða hverju sinni en þeim fer þó stöðugt fjölgandi sem þetta vilja gera. Vorið 2006 útskrifuðust 107 stúdentar frá skólanum og þar af voru 2 nemendur sem höfðu lokið náminu í desember 2005.

## Skólasókn nemenda


Grafið hér að neðan sýnir skólasókn nemenda að teknu tilliti til veikindavottorða.



Þegar grafið er skoðuð sést að hjá 69% nemenda er skólasóknin yfir 90%.

26% nemenda hafa skólasókn á milli 80 og 90% en hjá 5% nemenda er skólasóknin 80% eða lægri. Allar þessar tölur eiga við skólasókn að teknu tilliti til veikindavottorða.

Áhugavert er að skoða tengsl skólasóknar nemenda og þess í hvaða árgangi þeir eru og sýnir grafið hér að neðan það samhengi.



Af þessari töflu má sjá að skólasókn nýnema er nokkuð betri en þeirra sem eldri eru.

Ef skólasókn nemenda er skoðuð eftir því á hvaða námsbraut þeir eru kemur í ljós að lítill munur er á skólasókn eftir brautum. Meðalskólasókn nemenda á félagsfræðabraut er 91%, á málabraut 92% og á náttúrufræðibraut 93%.

Allar þær tölur um skólasókn nemenda sem rætt hefur verið um hér að ofan tengjast vottorðaskólasókn, þ.e. skólasókn þar sem tekið hefur verið tillit til veikindavottorða. Raunskólasókn nemenda er einnig skráð og þeir sem ná því að sýna raunskólasókn 96% eða hærri fá eina einingu yfir veturinn fyrir það. Skólaárið 2005-2006 fengu 74 nemendur einingu fyrir skólasókn en það eru 14% nemenda skólans.

## Framtíðarsýn

**Endurskoðun málabrautar:** Verið er að vinna að því að koma málefnum málabrautar í betra horf. Mikið brottfall hefur verið á brautinni undanfarin ár en þó öllu minna veturinn 2005-2006 en næstu ár þar á undan. Kennarar málabrautar hafa velt fyrir sér leiðum til umbóta og mikilvægt er að skoðað verði hvort breyta megi uppbyggingu brautarinnar, t.d. framboði kjörsviðsgreina eða uppröðun kjarnagreina á námsár, þannig að hún verði eftirsóknarverðari í augum nemenda og brottfallið minnki.

**Forvarnir:** Enginn forvarnarfulltrúi hefur verið starfandi við skólann undanfarin ár og er nú stefnt að því að reyna að koma þeim málum í betra horf með því að auglýsa á ný eftir verkefnastjóra í forvörnum. Skólastjórnendur eru að velta fyrir sér hvaða möguleikar eru fyrir hendi, þ.e. hvort reyna á að fá einhvern starfsmann skólans til verksins eða að fá einhvern utanaðkomandi sem sérfróður væri um þess háttar mál.

**Erlent samstarf:** Mikið hefur verið sótt í að fá Kvennaskólann til samstarfs við erlenda skóla og hefur fjöldamörgum fyrirspurnum verið hafnað. Alltaf eru nokkur verkefni í gangi, mest í nemendaskiptum í 2. og 3. bekk en líklega er ástæða til að reyna að koma þessum samskiptum í fastara form. Æskilegt er að allir nemendur málabrautar eigi kost á slíkri verkefnavinnu a.m.k. einu sinni á námsferlinum en aðrar brautir eftir því sem tilefni gefst til.

**Aðstoð við nýbúa:** Undanfarin ár hefur verið að fjölga í skólanum nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku og hafa jafnvel búið tiltölulega skamman tíma á Íslandi. Þessir nemendur hafa fengið tvenns konar aðstoð, annars vegar við íslenskunám og hins vegar hefur kennari verið fenginn til að aðstoða þessa nemendur við heimanám í öðrum námsgreinum eftir þörfum. Íslenskir nemendur sem hafa búið erlendis mest alla sína grunnskólagöngu eiga einnig kost á sams konar aðstoð. Vilji er fyrir því í skólanum að taka inn fleiri nemendur af erlendum uppruna og hjálpa þeim að komast yfir byrjunarörðugleika í framhaldsskóla.

**Endurskoðun á matsaðferðum:** Matsaðferðir Kvennaskólans hafa verið í endurskoðun og rætt hefur verið um hvaða leiðir skili mestum árangri til lengdar. Föstu punktarnir í sjálfsmatinu hafa verið kennslukannanir hjá tveimur árgöngum hverju sinni, þ.e. annað hvert ár hafa 1. og 2. bekkur svarað könnun um kennara sína og hitt árið hafa 3. og 4. bekkur svarað. Þeir árgangar sem ekki hafa verið í kennslukönnun hverju sinni hafa svarað viðhorfskönnun. Rætt hefur verið um fleiri leiðir til að kanna ákveðna þætti skólastarfsins svo sem stjórnendakönnun, þar sem störf stjórnenda væru metin og einnig var sú hugmynd reifuð á kennarafundi að stjórnendur sætu tíma hjá þeim kennurum sem það vildu og mætu störf þeirra á faglegri hátt en nemendur eru færir um. Einnig er áhugi á að koma af stað sjálfsmati kennara, þar sem þeir mætu eigin kennslu. SVÓT greining hefur verið framkvæmd á nokkurra ára fresti. Stefnt er að því að skoða framkvæmd hennar betur, bæði hvað varðar þær aðferðir sem notaðar eru og líka að hún verði fastur þáttur í sjálfsmatinu og verði gerð með reglulegu millibili, svo sem á hverju ári eða annað hvert ár.

## Umbótaáætlun

Á grundvelli niðurstaðna sjálfsmatsins er stefnt að eftirfarandi umbótum í næstu framtíð, einkum á næsta skólaári.

- Endurnýja þarf húsgögn í mötuneyti nemenda.
- Gera þarf ítarlegri viðhorfskönnun á þjónustu bókasafns og mötuneytis til að komast að því hvað þarf helst að bæta.
- Mikilvægt er að auka vægi forvarna
  - í lífsleiknikennslu

- með ráðningu forvarnarfulltrúa
- Vinna þarf að endurskoðun málabrautarinnar og leita leiða til að hún verði eftrisóknarverðari valkostur fyrir nemendur en hún nú er.

## Lokaorð

Til að sjálfsmat skili tilætluðum árangri er mikilvægt að niðurstöður þess séu skoðaðar vel og umbótaáætlun gerð á grundvelli þeirra.

Viðhorfsskönnun meðal nemenda skólans vorið 2006, leiddi í ljós að yfir 60% nemenda eru frekar eða mjög ósáttir við mótuneytisaðstöðu sína hér í skólanum og um fjórðungur nemenda segist ósáttur við þjónustu bókasafns. Umbótaáætlunin gerir því ráð fyrir að þessir þættir verði skoðaðir sérstaklega með ítarlegri könnun og að endurnýjuð verði húsgögn í mótuneyti. Annað sem fram kom í viðhorfsskönnun vorsins 2006 er að ríflega 70% nemenda telja lítið gert í skólanum til að koma í veg fyrir áfengis- og tóbaksneyslu. Ljóst er af þessu að gera verður átak í forvarnarmálum innan skólans. Í þriðja lagi sýnir greining á upplýsingum úr nemendabókhaldi skólans að nemendum málabrautar fækkar meira en nemendum annarra brauta. Mikilvægt er að skoða þennan þátt, reyna að skilja hvað veldur og finna leiðir til úrbóta.

Sjálfsmat er nauðsynlegur þáttur í skólastarfi. Við vinnslu þess er vakin athygli á því sem vel er gert og er það hvatning til þess að viðhalda þeim þáttum. Einnig kemur fram það sem betur má fara og leiðir þar með til umbóta. Ákveðnir þættir matsins eru þegar orðnir fastir í sessi í Kvennaskólanum en töluverð umræða og endurskoðun hefur farið fram undanfarið innan skólans um hvernig bæta megi vinnubrögðin þannig að formlegt víðtækt sjálfsmat verði fastur þáttur í starfsemi skólans.

Skýrsluna unnu:

Hildigunnur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri

Ingibjörg Axelsdóttir aðstoðarskólameistari

Oddný Hafberg skólameistari